

**Ed.**

**548. Frumvarp til laga**

**[259. mál]**

um skattkerfisbreytingu.

(Eftir eina umr. í Nd., 20. mars.)

Samhljóða þskj. 518 með þessum breytingum:

8. gr. hljóðar svo:

1. mgr. 2. gr. laganna (sbr. 1. gr. l. nr. 3/1970) orðist svo:

Af andvirði seldrar vöru og verðmæta, endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu, úttekt til eigin nota og af innfluttum vörum til eigin neyslu eða nota innflytjenda skal greiða 11% — ellefu af hundraði — söluskatt og auk þess 4% — fjóra af hundraði — söluskattaauka eftir því, sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

19. gr. hljóðar svo:

Við útreikning kaupgreiðsluvísitölu skal Kauplagnesnefnd ekki taka tillit til þeirrar hækkunar á vísitölu framfærslukostnaðar, sem hlýst af 4% söluskattaauka skv. 8. gr. þessara laga. Kauplagnesnefnd skal meta hverju sinni, hve miklu þessi hækkun neinur.

20. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi. I. kafli laganna kemur til framkvæmda við álagningu skatta til ríkissjóðs fyrir skattárið 1973. II. kafli kemur þegar til framkvæmda. III. kafli tekur gildi 1. apríl 1974.

Úr gildi falla lög nr. 61/1964, um breyting á lögum nr. 10/1960, um söluskatt, og lög nr. 3/1970, um breyting á sömu lögum.